

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, Krossholt/Langholt.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. mars 2013 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 25. febrúar 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 27. febrúar 2013.

Í breytingunni felst tvískipting verslunar- og þjónustusvæðisins V9, þannig að ferðaþjónusta verður á V9 en saumastofa verður V10. Skilgreint er nýtt íbúðarsvæði Í2 og svæði fyrir fristundabyggð F7 vestan Móru. Skilgreint er opið svæði til sérstakra nota í landi Kross Ú6 þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði og golfvelli.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. mars 2013.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2013